

Góð ávöxtun þriðja árið í röð

Hreinar fjárfestingartekjur ríflega 180 milljarðar og aldrei verið meiri.

Hreinar fjárfestingartekjur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins námu um 181 milljarði króna á árinu 2021, sem eru mestu fjárfestingartekjur á einu ári í sögu sjóðsins. Hrein raunávöxtun LSR var 10% á árinu og er þetta þriðja árið í röð sem raunávöxtun sjóðsins er 10% eða meiri. Síðustu 5 ár hefur raunávöxtun sjóðsins verið að meðaltali 8,3%. Ávöxtun A-deildar sjóðsins var 10,4% og urðu þau tímamót á árinu að A-deildin rauf 1.000 milljarða múrinn. Í árslok námu eignir A-deildar um 1.024 milljörðum króna en heildareignir sjóðsins voru rétt um 1.347 milljarðar króna.

Lífeyrisþegar LSR voru að meðaltali 23.148 í hverjum mánuði á síðasta ári og námu

heilðarlífeyrisgreiðslur sjóðsins rúmlega 76 milljörðum króna. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins jukust um nærri 7,4 milljarða milli ára. Sjóðfélagar sem greiddu til LSR voru að jafnaði ríflega 30 þúsund í hverjum mánuði.

Hækkandi lífslíkur

Góða ávöxtun ársins 2021 má að miklu leyti þakka góðu gengi á hlutabréfamörkuðum bæði hér heima og erlendis. Mest var ávöxtunin á innlendum hlutabréfamarkaði, en erlend hlutabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu.

Tryggingafræðileg staða LSR er nú reiknuð í samræmi við breyttar reikniforsendur um lífslíkur sem fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti í árslok 2021. Miðast er við spá um hækkandi lífslíkur til framtíðar, sem leiðir til aukinna lífeyris-skuldbindinga umfram fyrri forsendur. Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR miðað við þessar forsendur er -2,7%, en hefði annars verið 5,6% með óbreyttum forsendum.

Ársfundur LSR haldinn 19. maí

Ársfundur LSR verður haldinn kl. 15:00 fimmtudaginn 19. maí 2022 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Fundurinn verður opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Á fundinum verður m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar LSR, ársreikningi, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu.

Yfirlit á Mínum síðum

Meðfylgjandi er sjóðfélagayfirlit þitt fyrir deildir LSR. Á Mínum síðum á vef LSR má alltaf sjá nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur og réttindi.


Sjóðfélagar eru hvattir til að vera umhverfisvænir og afþakka yfirlit á pappír. Hægt er að afþakka yfirlit á pappír með því að senda tölvupóst þess efnis á lsr@lsr.is eða hringja í síma 510 6100.



Launahækkun með Séreign LSR

Það er réttur hvers launþega að greiða í séreignarsparnað. Þegar það er gert eykur launagreiðandinn mánaðarlegar greiðslur um 2% sem renna í séreignarsparnaðinn ásamt framlagi launþegans. Það er bein launahækkun til þín, sem nýtist til að hækka lífeyrisgreiðslur umtalsvert í framtíðinni.

Í dæminu hér til hliðar má sjá hvernig séreignarsparnaður af 500.000 kr. launum getur orðið mjög stór hluti af lífeyrisgreiðslum. Séreign má líka nýta í fleira, eins og t.d. kaup á fyrstu fasteign. Þetta gæti ekki verið einfaldara, kynntu þér málið á lsr.is og sæktu um á Mínum síðum til að nýta þér frábæra kosti Séreignar LSR.



Dæmi: M.v. 500.000 kr. laun/mán, frá 25 ára aldri, 3,5% ávöxtun, engar greiðslur inn á lán, starfslok við 67 ára aldur og 10 ára útborgunartímabil.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	38.370	1.493	1.238	41.102
Lífeyrishækkanir	0	25.629	0	25.629
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldb.	0	9.020	0	9.020
Lífeyrir	(13.266)	(62.427)	(638)	(76.331)
Hreinar fjárfestingartekjur	138.420	40.185	2.368	180.972
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(893)	(556)	(16)	(1.465)
Hækkun á hreinni eign á árinu	162.631	13.344	2.952	178.927
Hrein eign frá fyrra ári	861.771	284.037	22.077	1.167.886
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	1.024.403	297.382	25.029	1.346.813

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2021

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	172.844	59.446	7.347	239.637
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	413.578	117.969	6.133	537.680
Ríkisskuldabréf	173.444	57.454	709	231.607
Útlán til sjóðfélaga	89.333	21.805	0	111.138
Önnur skuldabréf	149.457	30.078	506	180.041
Bankainnistæður	23.103	12.274	10.336	45.712
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	3.411	375	27	3.813
Skuldir	(767)	(2.020)	(29)	(2.815)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.024.403	297.382	25.029	1.346.813

Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur 2021

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Samtals
Nafnávöxtun	15,8%	14,8%	15,7%	11,0%	4,8%	15,5%
Hrein raunávöxtun	10,4%	9,3%	10,3%	5,8%	-0,1%	10,0%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	8,1%	9,1%	9,9%	4,9%	1,3%	8,3%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	7,2%	7,7%	7,2%	5,1%	1,7%	7,3%
Verðbræfaeign í íslenskum krónum	56,6%	58,6%	53,6%	77,5%	100,0%	57,4%
Verðbræfaeign í erlendum gjaldmiðlum	43,4%	41,4%	46,4%	22,5%	0,0%	42,6%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.661	1.234	970	693	1.364	30.058
Meðalfjöldi lífeyrispega	10.166	17.948	54	25	141	23.148
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,10%	0,19%	0,08%	0,08%	0,06%	0,12%


Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2021

	A-deild
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	174.042
Hrein eign í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	21,4%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(39.958)
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-2,7%

Fjárhæðir í milljónum króna


Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna




Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



Verðbræfaeign 2021



Stjórn LSR

Guðrún Ögmundsdóttir, formaður stjórnar,
Ragnar Þór Pétursson, varaformaður stjórnar,
Árni Stefán Jónsson, Áslaug María Friðriksdóttir,
Jökull Heiðdal Úlfsson, Unnur Pétursdóttir,
Viðar Helgason, Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir